

Sp.

96. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þar sem þetta fjárlagafrv. er það síðasta, sem afgreitt verður fyrir almennar alþingiskosningar, þykir rétt að hefja þetta nefndarálit með því að rifja upp fyrirheit stjórnarliða fyrir valdatöku þeirra og í upphafi hennar.

Núverandi stjórnarflokkar hófu samstarf sitt um myndun ríkisstjórnar í desember árið 1958, og það hefur staðið síðan, með þeirri breytingu, að Alþýðuflokkurinn fór einn með ríkisstjórn þar til í nóvember 1959. Forsætisráðherra Alþýðuflokksstjórnarinnar lýsti verkefnum þeim, er við þeirri ríkisstjórn blöstu, með svofelldum orðum í upphafi ræðu sinnar, er hann gerði grein fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu verðlags og launa:

„Undanfarnar vikur og mánuði hefur íslenska þjóðin haft af því áhyggjur þungar, hve þróun verðlags- og kaupgjaldsmála árið 1958 hefur verið ískyggileg og uggvænleg. Verðbólgan hefur farið stöðugt vaxandi og með auknum hraða.“

Í framhaldi af þessari skýringu lýsti forsætisráðherra (Emil Jónsson) því yfir, að um tvær leiðir væri að velja til úrbóta vegna atvinnuveganna: meiri álögur eða stöðvun verðbólgu. Síðari leiðina mundi ríkisstjórnin fara og framkvæma hana með auknum niðurgreiðslum og þeirri niðurfærslu verðlags og launa, er frv. það, er hann talaði fyrir, boðaði.

Ríkisstjórn þessi og stuðningslið hennar hélt því fram í kosningabaráttunni 1959, að það hefði tekizt að stöðva dýrtíðina og þeirri stefnu yrði haldið áfram, ef þessir flokkar, Alþýðu- og Sjálfstæðisflokkur, fengju aðstöðu til forustu um málefni þjóðarinnar með myndun ríkisstjórnar. Þykir rétt til að staðfesta, að þessi fyrirheit voru gefin af stjórnarliðinu, að tilfæra hér atriði úr stefnuskrá, blaðammælum og ræðum, er sanna þetta.

Fyrsta boðorðið í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins við haustkosningar 1959 var: „Stöðvun verðbólgu.“ Enn fremur: „Náð verði samkomulagi milli framleiðslustéttanna um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags.“ „Leggja inn á nýjar brautir, er sneiði hjá verðbólgu og samdrætti.“

Alþýðuflokksmenn létu ekki á sér standa með fögur fyrirheit um stöðvun verðbólgu.

Núverandi félagsmálaráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, sagði í Alþýðublaðinu 16. okt. 1959 m. a. þetta:

„Alþýðuflokkurinn heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli.“

Emil Jónsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði í útvarpsræðu 20. okt. 1959 m. a. þetta:

„Kosningar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári“ (þ. e. 1959).

Út á þessi fögru fyrirheit og önnur álíka fengu stjórnarflokkarnir meiri hluta í alþingiskosningunum 1959 og aftur 1963, þótt naumur væri.

Þar sem fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, sannar greinilega, hvernig til hefur tekizt með framkvæmd á stöðvun verðbólgunnar, skal að því vikið og þeim viðhorfum, sem eru í efnahagslífi þjóðarinnar nú, eftir átta ára stjórn þessara flokka, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins, í mesta góðæri af náttúrunnar hendi í sögu þessarar þjóðar.

Á þessum átta ára stjórnartíma þeirra hefur gengi íslenzkrar krónu verið fellt tvisvar. Fjárlög hafa hækkað yfir 400%. Vísitala vöru og þjónustu hefur tvöfaldast á tímabilinu. Til niðurgreiðslu á vöruverði var varið 115 millj. kr. á árinu 1958. Á næsta ári mun þurfa um 720—730 millj. kr. til niðurgreiðslna, auk þess sem þær breytingar, sem gerðar voru á greiðslu fjölskyldubóta árið 1960 og síðar, eru liður í niðurgreiðslu á vöruverði, enda hafa þær áhrif á kaupgjaldsvísitölu. Mun því láta nærri, að um 900 milljónum króna sé varið af fé ríkissjóðs til að halda niðri vöruverði á næsta ári, miðað við þá framkvæmd, sem gildir þar um í dag.

Rekstrarkostnaður ríkisins og ýmissa þjónustustofnana ríkissjóðs hefur aukizt stórlega frá 1958, svo sem þessar tölur sýna:

Kostnaður við stjórnarráð og utanríkisþjónustu um 360%.

Dómgæzlu- og lögreglumál um 440%.

Álagning og innheimta skatta og tolla um 370%.

Niðurgreiðslur um 535%.

Tekjur pósts og síma hafa vaxið um 400%.

Tekjur Ríkisútvarps um 300%.

Daggjöld á Landsspítalanum um 300%.

Rafmagnsverð ríkisrafveitna hefur nærri þrefaldast.

Og farmgjöld hjá Ríkisskip hafa hækkað um 118%.

Þessi þróun í fjármálum og þjónustu stofnana ríkisins sýnir greinlega, til hvers sú verðstöðvun leiddi, er boðuð var 1959 og stjórnarliðar töldu sig þá hafa komið á og áfram yrði haldið, ef þeir mættu ráða. — Það, sem hefur orðið, er skefjalausari dýrtið en áður hefur verið, sem leitt hefur til stórkostlega aukins rekstrarkostnaðar ríkisins og niðurgreiðslna, sem aftur hefur leitt til allra þeirra hækkana, er að fram- an er lýst, og þess, að framlög til verklegra framkvæmda og uppbyggingar í landinu hafa lækkað hlutfallslega. Hefur þessi þróun orðið slík, að árið 1958 var varið til verklegra framkvæmda, uppbyggingar atvinnuvega og framkvæmda ríkisins á 20. gr. fjárlaga 26.2% af heildarfjárhæð þeirra, en nú 13%.

Þessi þróun er alvarleg í landi, þar sem uppbygging og almennar umbætur eru skammt á veg komnar, svo sem í okkar landi er.

Hver er ástæðan til þess, að svo hefur farið um stöðvun verðbólgunnar sem raun ber vitni um?

Ástæðurnar eru margar, og við munum greina frá nokkrum þeirra.

Engin verðstöðvun.

Stöðvun verðbólgunnar var ekki raunhæf árið 1959. Það var þeim ljóst, er fyrir þeirri framkvæmd stóðu. Þeir gerðu sér grein fyrir því, að breytingu á skráðu gengi krónunnar yrði að gera, enda var að því verki gengið, strax og haustkosningar voru um garð gengnar. Verðstöðvun var sýndarmennska, sem sett var á svið vegna kosninga 1959 og til að tryggja núverandi valdhöfum leiðina í valdastólana.

Tekjur útflutningssjóðs teknar í ríkissjóð.

Með gengisbreytingunni 1960 var útflutningssjóður lagður niður. Eðlilegt hefði verið, að tekjustofnar þeir, er útflutningssjóður hafði, hefðu þá einnig verið lagð-

ir niður. Svo var þó ekki gert, heldur tók ríkissjóður til sín tekjur af þeim og lagði jafnframt á nýja skatta, svo sem almennan söluskatt. Skattaálagning ríkisstjórnarinnar varð þá þegar til þess, að vöxtur verðbólgunnar hélt áfram.

Gengisbreytingin 1961.

Gengisbreytingin 1961 var gerð algerlega að óþörfu, eftir að mjög hófsamleg kauphækkun hafði verið gerð og skynsamlegir kjarasamningar. Þessi stjórnarráðstöfun hefur haft mjög mikil áhrif til að auka verðbólguna, enda gerð í refsihug.

Skattaálagning ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur hækkað söluskattinn tvívegis á stjórnartímabilinu. Auka-tekjur ríkissjóðs og stimpilgjöld hafa verið hækkuð verulega, eignarskatturinn hefur verið hækkaður með sexföldun á fasteignamati og leyfisgjald af bifreiðum yfirfært á fleiri bifreiðategundir, benzínskattur, þungaskattur og gúmmígjald margfaldað. Auk þessa hefur svo verið lagt á mikið af sérsköttum, svo sem: Bændaskattur, iðnlánasjóðsgjald, gjaldeyrisskattar, veitingahúsaskattar, ríkisábyrgðarsjóðsgjald, umferðarskattar, rafmagnsskattur, launaskattur, skattur á byggingarefni. Þjónustugjöld ríkisstofnana, svo sem pósts og síma o. fl., hafa verið margfölduð.

Álag vegna vísitölutryggingar húsnæðislána, vaxtahækkun og óhagstæðari fjárfestingalán hefur og haft mikil áhrif til að auka verðbólguna í landinu.

Útfærsla ríkiskerfisins.

Ríkisstjórnin hefur þanið ríkiskerfið út með nýjum embættum og stofnunum og útfærslu annarra, m. a. til að auka áhrif flokka sinna með því að koma liðsmönnum sínum þar að.

Meðal stofnana og embætta, sem upp hafa verið sett á síðustu árum, eru:

Efnahagsstofnun.

Gjaldheimtan.

Almannavarnir.

Hagsýslugerð.

Ríkisskattstjóri og skattstofur.

Ráðunautur í viðskiptamálum.

Fjölgun bankastjóra og bankaráðsmanna.

Fjölgun stjórnarnefndarmanna í: húsnæðismálastjórn, stjórn sementsverksmiðju, úthlutunarnefnd listamannalauna og sildarútvegsnefnd.

Sakadómurum hefur verið fjölgað, svo og borgarfégetum og borgardómurum.

Fleiri launaðar nefndir eru nú starfandi á vegum ríkisins en áður hefur verið. Meira eytt í ráðstefnur, ferðalög og veizlur á vegum ríkisins en hjá fyrri ríkisstjórnunum. Þannig mætti lengi telja, þó að það verði ekki gert hér. Allt hefur þetta krafizt hærri tekna til ríkissjóðs, hærri fjárlaga.

Sparnaður enginn í framkvæmd.

Af fyrrverandi og núverandi fjármálaráðherra voru gefin 59 fyrirheit um sparnað hjá ríkissjóði og sérstakar yfirlýsingar gefnar um hagsýni og ráðdeild í ríkisrekstrinum og meðferð ríkisfjár. Árangurinn af fyrirheitum um sparnað og hagsýni í meðferð ríkisfjár er að finna í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1967. Þar segir svo m. a.:

„Annað tæknilegt viðfangsefni, sem ekki kemur fram í þeim athugasemdum, sem hér að framan hafa verið gerðar, er skortur á upplýsingum fyrir miðstjórn ríkisrekstrarins til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, við þær fjárhæðir, sem um er beðið eða veittar eru í fjárlögum.

Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinn stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur

stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum.

Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur at-
hyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta.

— — — — —
Með þessum hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnun hefur sinnt sínum viðfangsefnum, þar eð fjárveiting til stofnunarinnar miðaðist ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur við rekstur stofnunar.“

Eftir 7 ára fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins kemur sjálfur fjármálaráðherra fram fyrir þjóðina og lýsir yfir því, að hann viti ekkert um ríkisreksturinn, það skorti allar upplýsingar til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, þeirri fjárveitingu, sem veitt er. Það er góður árangur af hagsýslu og bættum vinnubrögðum þetta.

Og sparnaður er nú orðinn svo fjarri, að hætt er að gefa fyrirheit þar um eða tala um kjark til að koma sparnaði við. Það eitt má segja að standi þar um sparnað, að eitthvað mætti draga úr kostnaði við kirkjuþing. Sú fjárhæð er innan við 200 þús. kr. Það munar um minna á fimm milljarða fjárlögum.

Fjárfestingin skipulagslaus. Verklegar framkvæmdir.

Allt stjórnartímabilið hefur fjárfestingin í landinu verið skipulagslaus. Það og hitt, hvað verðbólgan gleypir mikið af tekjum ríkissjóðs, hefur orðið til þess, að flest nauðsynleg verkefni hins opinbera hafa setið á hakanum. Þannig eru ekki hafnar framkvæmdir við fjörutíu skólabyggingar, sem Alþingi hefur tekið á fjárlög. Af þeim eru þó tuttugu og fimm, sem Alþingi hefur samþykkt að hefja skuli framkvæmdir við. Hér er um að ræða byggingar, sem ekki þola bið. Til viðbótar er nú sótt um fjárveitingar til 30—40 nýrra skólamannvirkja. Sést af þessu, hve geysileg þörf er á auknu fé til nýrra skóla. Ekki er þó ætlað meira fé til þeirra nú en á yfirstandandi fjárlögum, en þar er varið álíka fjárhæð til nýrra gagnfræðaskólabygginga í landinu og hús Guðmundar Í. kostaði ríkissjóð, er það var keypt af honum. Afgreiðsla skólamála hviður 3. umræðu, og skulu þau því ekki rædd frekar hér.

Samgöngumál eru eitt af stórmálum þessarar þjóðar. Á fjárlögum íslenska ríkisins var áður varið verulegri fjárhæð til þeirra. T. d. lagði ríkissjóður alltaf nokkra fjárhæð umfram tekjur af umferð (þ. e. skatta og tolla af bifreiðum og varahlutum til þeirra), en 1960 og síðan hefur ríkissjóður haft verulegar tekjur umfram gjöld af umferðinni, og nú er svo komið, að með fjárlögum 1966 var allt framlag ríkissjóðs til vegamála fellt niður. Þó kemur ríkissjóður til með að hafa 160—180 millj. króna í tekjur af leyfisgjöldum einum á þessu ári, og gert er ráð fyrir svipaðri fjárhæð á næsta ári. Allar tekjur ríkissjóðs af umferðinni, tolltekjur og söluskattar, nema hundruðum milljóna.

Í landi, þar sem vegakerfið er jafnófullkomið og það er í okkar landi, er það réttmæt krafa, að allar þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af innflutningi bifreiða, varahluta og brennsluefni til þeirra, gangi til vegamála. Lágmarkskrafa er, að sérskattarnir, svo sem leyfisgjöld, gangi til vegasjóðs. Þeirri kröfu verður að koma í framkvæmd, þótt nú sé ekki þingmeirihluti fyrir því.

Ein undirstaða sjávarútvegs og samgangna er góð höfn. Ótalin er sá aukni útgerðarkostnaður, sem útvegsmenn hafa af lélegum höfnum vegna aukins viðhalds. Fjárveiting til nýbygginga á höfnum átti að vera óbreytt frá yfirstandandi ári. Nokkuð fékkst þokað í rétta átt í fjárveitinganefnd, en þó minna en vonast var til, þar sem fjárveiting til greiðslu á vangreiddum framlögum ríkissjóðs til hafnarframkvæmda fyrri ára var nærri því lækkuð að sama skapi frá frv. Er það gert í fullkominni andstöðu við okkur fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd. Með þeim fjárveitingum, sem nú er lagt til, og eðlilegum framkvæmdum í hafnagerð á næsta ári má gera ráð fyrir, að ógreiddur ríkissjóðshluti til hafna verði í lok næsta

árs 70—80 millj. króna. Það er a. m. k. tveggja ára ríkisframlag miðað við sömu fjárveitingu og nú er.

Um aðra flokka verklegra framkvæmda er sömu sögu að segja, svo sem framkvæmdir í rafmagnsmálum, sem brennur þó heitt á þeim, sem eftir því biða. Nú virðist ekki hægt úr nærri 5 milljarða fjárlögum að leggja fram fé úr ríkissjóði, er svipað framkvæmdagildi hefur og var fyrir valdatöku þessarar ríkisstjórnar, er fjárlög voru 800—900 millj. kr., hvað þá í einhverjum hlutföllum við hækkun fjárlaganna.

Hið sama er að segja um flugmálin. Framlag ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar flugvalla er svo skorið við nögl, að venjulega er búið að eyða fjárveitingum að mestu fyrir fram. Nokkuð hefur það orðið til hjálpar í framkvæmdum á höfnum og flugvöllum, að útvegað hefur verið lánsfé til framkvæmda þar, þótt það virðist með öllu óeðlilegt, að ríkissjóður geti ekki lagt fram sinn hluta til eðlilegra framkvæmda í landinu af fjárlögum, sem eru 4—5 milljarðar.

Mikið þarf stjórnin á fjármálum ríkisins að breytast til batnaðar, ef hægt á að vera í framtíðinni að halda uppi eðlilegum fjárveitingum til verklegra framkvæmda og greiða vexti og afborganir af skuldum frá góðu árunum á fyrri hluta sjöunda tugs þessarar aldar.

Allt frá 1960 hefur verið eindæma góðæri í þessu landi. Sjávarafli hefur vaxið jafnt og þétt, var til dæmis árið 1958 alls 505 138 tonn, árið 1964 971 514 tonn og árið 1965 1 198 304 tonn. Þar við bætist, að aflaverðmætið hefur hækkað enn þá meira vegna sérstaklega hagstæðs verðlags, og allt hefur selzt, er á land hefur komið. Þrátt fyrir þetta góða árferði hefur stjórnarstefnan leikið atvinnuvegina svo grátt með verðbólgu, vaxtaokri, lánsfjárhöftum og fleiri stjórnarráðstöfunum, að fjárhagsafkoma frystihúsanna er svo slæm, að mörg þeirra og það jafnvel þau stærri hafa stöðvazt. Togaraútgerðin er að gefast upp, helmingur togaraflotans seldur úr landi eða liggur bundinn í höfn. Bátarflotinn, sem stundar línu- og netaveiði, hefur ekki rekstrargrundvöll og bíður eftir aðgerðum ríkisvaldsins til úrbóta. Er sú bið orðin æði löng.

Iðnaður á í harðri keppni við innfluttar iðnaðarvörur. Fleiri og fleiri iðnfyrirtæki heltast úr lestinni, og allur iðnaður á í vök að verjast, enda býr hann vægast sagt við lítinn skilning valdhafanna og seinvirka fyrirgreiðslu.

Landbúnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja á yfirstandandi ári, og þar mun nú vera um samdrátt að ræða. Möguleikar þeir, sem sá atvinnuvegur hafði til útflutnings á framleiðsluvörum sínum, eru nú úr sögunni að mestu vegna verðbólgunnar.

Þetta stutta yfirlit um fjárhagsafkomu atvinnuveganna sýnir, til viðbótar öðru, hve verðbólgan leikur allt atvinnu- og fjárhagskerfi þjóðarinnar grátt. Það sýnir einnig, að ríkisstjórnin hefur enga stefnu í atvinnu- né fjárhagsmálum þjóðarinnar. Hún hefði með valdi sínu á peninga- og bankakerfi landsins og með samningum sínum við stéttarfélagin um kjaramál getað komið stefnu sinni í atvinnumálum í framkvæmd, ef hún hefði einhver verið, en trúleysi hjá ríkisstjórninni á atvinnuvegum þjóðarinnar og á gæðum landsins kom greinilega fram í ræðu forsætisráðherra á flokksráðstefnu Sjálfstæðisflokksins í haust, er hann sá þá braut eina rudda og stefnu markaða, er var væntanlegur atvinnurekstur útlendinga í Straumsvík.

Ljóst er, að á næsta leiti er að ráða fram úr mest aðkallandi vandræðum atvinnuveganna, svo að hjá stöðvun verði komið. En það verður hins vegar að vera framtíðarverkefni íslensku þjóðarinnar og ráðamanna hennar að marka sér stefnu í atvinnumálum, gera sér grein fyrir, hvað atvinnuvegirnir geta og hvað ekki, ákveða þeim fjármagn til rekstrarins — og umfram allt að treysta á atvinnuvegina og trú á land sitt.

Í nefndarálitum okkar hér að framan höfum við sýnt fram á, hver sjónhverfing verðstöðvun sú, sem Alþýðuflokksstjórnin taldi sig hafa komið á 1959, var og hve

fjarri veruleikanum voru fyrirheit þeirra stjórnarliða frá 1959 og síðar um stöðvun verðbólgu, um sparnað og hagsýn í ríkisrekstrinum, traustan, varanlegan og heilbrigðan grundvöll, er þeir hétu að skapa atvinnurekstrinum. Við viljum vekja sérstaka athygli á þessum staðreyndum nú, þar sem að því er stefnt að endurtaka sjónhverfinguna frá 1959 með því að greiða niður dýrtíðina fram yfir kosningar.

Við þessa umræðu fjárlagafrv. liggur í raun og veru ekkert fyrir um niðurstöðutölu þess. Fjárveiting til niðurgreiðslna, sem áætluð er á 19. gr. þess 478 millj. kr., verður samkvæmt ákvörðunum, sem teknar hafa verið um niðurgreiðslur, miðað við heilt ár, 720—730 millj. kr., og inn á fjárlagafrv. vantar líka 30—40 milljónir króna vegna hækkunar á fjölskyldubótum. Þá er enn þá óljóst, hvernig ríkisstjórnin ætlar að leysa aðkallandi vandamál sjávarútvegsins og frystihúsanna, og ekki sjáanlegt annað en til þess þurfi einhverjir fjármunir að koma, hvernig sem á að afla þess fjár. Þegar þetta er haft í huga og fleiri verkefni, sem biða úrlausnar við 3. umræðu fjárlagafrv., er það ljóst, að tekjur ríkissjóðs verða að vera hátt í fimm milljarða á næsta fjárlagaári, ef greiðslujöfnuður á að vera tryggður.

Tekjur ríkissjóðs munu samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra í fjárlaga-ræðu og því, sem nú liggur fyrir, fara eitthvað á fimmta milljarð kr. á þessu ári. Árið 1966 hefur verið mikið verðbólguár. Í viðskiptalífínu hefur verið sérstaklega mikil „spenna“. Þó virðist ríkisstjórnin reikna með því, að árið 1967 verði meira verðbólguár, þar sem hún gerir ráð fyrir að innheimta meiri tekjur til ríkissjóðs en á yfirstandandi ári. Ætti því þjóðinni að verða það ljóst, hvaða alvara fylgir tali stjórnarliða um verðstöðvun nú. Þeirra hugsun er sú sama og var 1959. Verðstöðvun þarf að sýna fram yfir kosningar. Eftir þær er svigrúm til gengislækkunar, það var gert þá. „Sagan endurtekur sig“, var orðtak Tryggva Þórhallssonar.

Við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 1966 fluttum við fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd aðeins eina tillögu til útgjalda, það var tillaga um, að staðið yrði við samninga um, að ríkissjóður veitti 47 millj. kr. á fjárlögum til vegasjóðs. Þessi tillaga hafði þá og nú sérstöðu, þar sem þessu var heitið við afgreiðslu vegalaga 1963, og minnum við á ummæli hæstv. samgöngumálaráðherra þar um, úr ræðu 17. des. 1963, en þar segir m. a. svo: „Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið til veganna verði lækkað, það er alveg útilokað“.

Þessa breytingartillögu flytjum við nú aftur og teljum það skyldu ríkisstjórnarinnar að sjá fyrir tekjum vegna þessara útgjalda.

Enn fremur flytjum við á 22. gr. fjárlaga heimildartillögu þess efnis, að verði um tekjuafgang að ræða á árinu 1966, sem gera má ráð fyrir samkvæmt upplýsingum um fjármálaráðherra í fjárlagaræðu, verði ríkisstjórninni heimilt að verja 47 millj. króna til að greiða vegasjóði framlag það, sem honum bar frá ríkissjóði 1966 samkvæmt samkomulaginu frá 1963.

Ástæðan til þess, að við flytjum ekki nema þessa einu brtt., er sú, að óða-verðbólgan, sem ríkisstjórnin hefur magnað með álögum og stjórnleysi, hefur leikið ríkisbúskapinn svo grátt, að ekki er rúm fyrir fjárveitingar til nauðsynlegustu verkefna á fjárlögum, sem verða hart nær fimm milljarðar. Á þessari staðreynd viljum við vekja athygli þjóðarinnar alveg sérstaklega. Við viljum undirstrika, að fjárhagsmál þjóðarinnar verða ekki lagfærð með einstökum brtt., heldur verður að ráðast að orsökum meinsins, þ. e. rótum dýrtíðarinnar.

Ofsköttun, stjórnleysi og stefnuleysi í fjárfestingu þjóðarinnar, sem ríkt hefur hjá þessari ríkisstjórn — og ríkir enn, hefur leitt til þess ástands, sem ríkisstjórnin sjálf hefur gefið þá yfirlýsingu um, að hún væri mitt í góðærinu stödd á vegamótum „velgengni og vandræða“. Viljann til að hanga í valdastólum skortir þó ekki. Þess vegna biður ríkisstjórnin nú um aðstoð stjórnarandstöðunnar til að koma þeim vilja sínum fram og reynir hverja sjónhverfingu annarri fráleitari, eins og það að vera með tilburði og tal um verðstöðvun, um leið og hún afgreiðir fjárlög, sem eiga tilveru sína undir verðþenslu og spennu í viðskiptalífínu. Aðeins stefnbreyting í stjórn á málefnum þjóðarinnar, festa og trú á atvinnuvegi landsmanna,

þjóðina og landið getur komið afgreiðslu fjárlaga, efnahagskerfi og atvinnulífi þjóðarinnar í réttan farveg.

Að lokum viljum við taka fram, að við höfum gert svofelldan fyrirvara um aðild okkar að þeim tillögum, sem fluttar eru af nefndinni og meiri hluti hennar gerir grein fyrir:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins vilja taka fram, að breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.“

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson. Ágúst Þorvaldsson.
frsm.